



Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogi, 16. júní 2021
1908977/900.00 BR

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 27. september 2019 var vísað til umsagnar erindi Indriða Stefánssonar um tillögu að Kópavogsbær komi upp á gönguleiðum og hugsanlega fleiri stöðum þar sem sæist frá sama sjónarhorni gamlar myndir sem að myndu sýna hvernig bærinn hefur byggst upp til að efla vitund bæjarbúa um sögu bæjarins.

Haft hefur verið samband og samráð við sögufélag Kópavogs og héraðsskjalasafn Kópavogs um að leita eftir áhugaverðum gömlum ljósmyndum í viðunnandi gæðum sem sýna vel þróun og uppbyggingu bæjarins til að setja á upp á áhugaverðum stöðum ásamt litlum fróðleikstexta. Verkið hefur gengið hægar en óskandi væri en er samt en í gangi. Þegar tillögur að skiltum verða tilbúnar verða þær lagðar fyrir nefndina.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar